

35. gr.

Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbóklöðu og endurbætur menningarbygginga, skal á árinu 1994 heimilt að ráðstafa allt að 20 m.kr. af sérstökum eignarskatti samkvæmt lögunum til framkvæmda við Þjóðskjalasafn.

36. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 5. gr. laga 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 99,4 m.kr. á árinu 1994.

37. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Davíð Oddsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 110/1992, um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, sbr. lög nr. 86/1991.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað ártalsins „1993“ í a-lið kemur: 1994.

b. Í stað orðanna „1. janúar 1994“ í b-lið kemur: 1. janúar 1995.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Guðmundur Árni Stefánsson.